



Umhverfis- og heilbrigðisráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um flokkun sorps á öllum starfsstöðum Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26. mars 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga Báru Katrínar Jóhannsdóttur frá ungmennaráði Árbæjar og Holta:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að setja flokkunartunnur á alla vinnustaði Reykjavíkurborgar fyrir árslok 2019 og taka upp skyldu að flokka sorp. Jafnframt er lagt til að fela umhverfis- og skipulagssviði að standa fyrir aukinni fræðslu um umhverfismál fyrir árslok 2020.


Greinargerð:

Innblástur tillögunnar kemur frá Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en þar kemur fram í ellefta markmiðinu, sem fjallar um sjálfbærar borgir og samfélög, að fyrir árið 2030 skuli vera búið að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs. Með flokkunartunnum á öllum starfsstöðum tæki Reykjavíkurborg skref í átt að því að uppfylla heimsmarkmiðin. Átak færi svo fram samhliða við að fræða starfsfólk borgarinnar og börn í skóla- og frístundastarfi um flokkun og umhverfismál. Lagt er til að tveir ábyrgðaraðilar á hverjum starfsstað beri ábyrgð á þessu verkefni.

Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar umhverfis- og heilbrigðisráðs.

Athygli er vakin á því að **tillagan var ekki samþykkt á fundinum** og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fyrir, taka til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Óskað eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af umhverfis- og heilbrigðisráði fyrir þann tíma.


Helga Björk Laxdal
e.u.

SKJALAVER HÖFÐATORGI
01. APR. 2019
Málsnr.: <u>USK2019-04-0003</u>
Bréfalykill: <u>6.5.9</u>